

## AUGLÝSING

### um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á Newcastle Disease, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 581/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hvers konar afurðum alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 6. október 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*